



Borgarráð

**Efni: Svar við fyrirspurn um leigubílakostnað, rekstrar- og stofnkostnað bifreiða, kaup á flugmiðum og meðhöndlun vildarpunkta.**

Á fundi borgarráðs þann 17. janúar 2019 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins og Flokks fólksins:

1. *Hvað hefur Reykjavíkurborg greitt í leigubílakostnað á árunum 2018, 2017, 2016, 2015, 2014, 2013, 2012, 2011 og 2011?*
2. *Hvaða kjörnir fulltrúar hafa heimild til þess að nota leigubíla á kostnað Reykjavíkurborgar?*
3. *Hvaða embættismenn hafa heimild til þess að nota leigubíla á kostnað Reykjavíkurborgar?*
4. *Hver er kostnaður við innkaup, viðhalds og rekstur bíla sem starfsmenn borgarinnar ef velferðasvið er frá talið árin 2018, 2017, 2016, 2015, 2014, 2013, 2012 og 2011?*
5. *Er farið í útboð ef Reykjavíkurborg kaupir bíla?*
6. *Hver var kostnaður Reykjavíkurborgar við flugmiðakaup 2018, 2017, 2016, 2015, 2014, 2013, 2012 og 2011 sundurliðað eftir kjörnum fulltrúum og starfsmönnum?*
7. *Er farið í útboð þegar flugmiðar eru keyptir?*
8. *Falla vildarpunktar við flugmiðakaup í hlut borgarinnar eða þeirra starfsmanna sem ferðast út fyrir landsteinana?*

Svör:


1. *Hvað hefur Reykjavíkurborg greitt í leigubílakostnað á árunum 2018, 2017, 2016, 2015, 2014, 2013, 2012, 2011 og 2011?*

Kostnaður við leigubíla árin 2011 – 2018 er eftirfarandi sundurliðað á ár<sup>1</sup>:

2011	37.415.223 ISK
2012	42.771.599 ISK
2013	45.869.273 ISK
2014	49.432.261 ISK
2015	58.624.621 ISK
2016	61.781.546 ISK
2017	65.608.475 ISK
2018	69.512.241 ISK
Samtals	431.015.239 ISK

<sup>1</sup> Afmörkun: Lykill 5410 Leigubifreiðar, Tímabil 201101 – 201812.

Á eftirfarandi mynd er að finna þróun milli ára og sundurliðun eftir fagsviðum.




Þess skal getið að í lok ársins 2014 var öllum aksturssamningum við starfsmenn borgarinnar sagt upp, sem getur skýrt hækkun á leigubílakostnaði frá og með árinu 2015. Þá skal þess getið að hluti af leigubílakostnaði er vegna aksturs með skjólstæðinga borgarinnar, á það sérstaklega við um leigubílaútgjöld á velferðarsviði.

Til samanburðar er í eftirfarandi töflu að finna kostnað vegna aksturssamninga og akstur á eigin bifreiðum skv. mæli.<sup>2</sup>

2011	302.471.528 ISK
2012	329.924.282 ISK
2013	336.849.848 ISK
2014	339.159.163 ISK
2015	222.175.392 ISK
2016	172.873.612 ISK
2017	156.074.498 ISK
2018	151.736.746 ISK
<b>Samtals</b>	<b>2.011.265.069 ISK</b>

Á eftirfarandi mynd er að finna þróun milli ára og sundurliðun eftir fagsviðum.

<sup>2</sup> Afmörkun: Lykill 5150 Bifreiðastyrkur, Tímabil 201101 – 201812.



**2. Hvaða kjörnir fulltrúar hafa heimild til þess að nota leigubíla á kostnað Reykjavíkurborgar?**

Svar: Engir kjörnir fulltrúar hafa heimild til að nota leigubíla á kostnað borgarinnar nema forseti borgarstjórnar sem er með leigubílakort á vegum skrifstofu borgarstjórnar. Heimild hennar ræðst af ákvæðum í samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg.

**3. Hvaða embættismenn hafa heimild til þess að nota leigubíla á kostnað Reykjavíkurborgar?**

Svar: Yfirmaður hvers sviðs, skrifstofu eða stofnunar ákveður hvaða starfsmenn hafa heimild til að nota leigubifreiðar og hafa þeir til umráða margnota kort frá Hreyfli sem er samningsaðili Reykjavíkurborgar vegna leigubílaaksturs. Það er því í höndum yfirmanna starfsstaða/stofnana að stýra og bera ábyrgð á notkun leigubifreiða.

**4. Hver er kostnaður við innkaup, viðhalds og rekstur bíla sem starfsmenn borgarinnar ef velferðasvið er frá talið árin 2018, 2017, 2016, 2015, 2014, 2013, 2012 og 2011?**

Svar: Í eftirfarandi töflu er að finna yfirlit yfir stofnkostnað bifreiða hjá Reykjavíkurborg, að undanskildum kaupum á sorpbifreiðum tímabilið 2011 til 2018.

Stofnkostnaður bifreiða	Fjárhæð í þkr.
2011	108.900
2012	8.491
2013	156.926
2014	737
2015	91.788
2016	18.000
2017	15.230
2018	12.526
<b>Samtals</b>	<b>412.596</b>

Í eftirfarandi töflu er að finna yfirlit yfir rekstrar og viðhaldskostnað bifreiða hjá Reykjavíkurborg tímabilið 2011 – 2018, sundurliðað eftir fagsviðum annars vegar og sundurliðað eftir bíltegundum hins vegar:

Kostnaður við rekstur bifreiða (þkr)	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	Samtals
Íþrótta- og tímtundasvið	325	469	537	178	2.568	4.416	2.947	2.318	13.758
Menningar- og ferðamálasvið	233	468	555	364	544	497	353	312	3.326
Miðlæg stjórnsýsla	2.943	3.070	3.636	4.012	3.995	3.699	3.517	5.110	29.982
Skóla- og frístundasvið	5.401	7.886	6.460	6.761	8.419	8.752	5.102	5.045	53.825
Umhverfis- og skipulagssvið	92.255	123.560	123.950	139.160	133.579	150.765	158.131	161.492	1.082.890
<b>Samtals</b>	<b>101.157</b>	<b>135.453</b>	<b>135.138</b>	<b>150.474</b>	<b>149.104</b>	<b>168.129</b>	<b>170.049</b>	<b>174.278</b>	<b>1.183.782</b>

Kostnaður eftir bíltegund	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	Samtals
Fólksbifreið (M1)	42.013	55.815	60.252	69.781	72.599	88.325	77.648	75.656	542.089
Sendibifreið (N1)	24.080	30.604	26.325	29.401	29.689	35.726	35.879	47.693	259.396
Vörubifreið I (N2)	69		528	1.109	1.428	1.069	467	529	5.200
Vörubifreið II (N3)	161	1.182	2.238	1.211	1.939	3.081	6.286	2.800	18.896
Óþekkt/tegund ekki skráð	34.834	47.852	45.796	48.972	43.449	39.929	49.770	47.599	358.200
<b>Samtals</b>	<b>101.157</b>	<b>135.453</b>	<b>135.138</b>	<b>150.474</b>	<b>149.104</b>	<b>168.129</b>	<b>170.049</b>	<b>174.278</b>	<b>1.183.782</b>

Eftirfarandi bókhaldslyklar eru undir í ofangreindri samantekt og sundurliðast kostnaður eftir þeim með eftirfarandi hætti (fjárhæðir í þkr.):

Lykill	Heiti lykils	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	Samtals
5260	Varahlutir v. bifreiða, tækja og áhalda	388	584	173	716	763	2.040	582	214	5.460
5272	Bensín, gas, olíur og annað eldsneyti	14.186	16.912	20.682	21.348	23.815	26.355	24.962	26.424	174.684
5411	Bílaleigubílar		34.485	40.269	93.128	88.734	87.099	94.819	100.746	539.280
5413	Aukastöðugjöld og stöðubrot	8	11	25	51	128	66	22	39	350
5415	Flokkabílar	54.312	58.344	48.144	7.549	875				169.224
5514	Rekstrarleiga bifreiða og áhalda	18.001	4.504	4.005	3.765	934	2.721	2.084	3	36.011
5526	Innri leiga - bifreiðar	3.505	9.459	11.086	13.397	13.808	14.790	18.670	12.775	97.491
5550	Viðhald véla, bifreiða og báta	6.862	8.536	8.545	8.498	16.417	27.384	26.218	30.454	132.915
5554	Viðhald skrifstofuvéla, áhalda og innanstokksmuna	15				0		135		150
5556	Endurnýjun áhalda, búnaðar og innrétinga		16		31	1.476	3.026			4.548
5752	Ábyrgðar- og kaskótr. ökutækja	2.278	1.525	1.453	1.610	1.654	1.985	1.425	1.384	13.314
5764	Skoðunargjald og skattar á vélar og ökutæki	1.603	1.075	756	383	500	515	1.132	2.243	8.208
8000	Lausafjárkaup						2.147			2.147
<b>Samtals</b>		<b>101.157</b>	<b>135.453</b>	<b>135.138</b>	<b>150.474</b>	<b>149.104</b>	<b>168.129</b>	<b>170.049</b>	<b>174.278</b>	<b>1.183.782</b>

Gerður er eftirfarandi fyrirvari: Útgjöld eru tekin saman á fjárhagsvídd í bókhaldi sem hefur að geyma bókun á skráningarnúmer ökutækis/tækis. Í samantektinni hafa verið dregin frá útgjöld vegna skíðasvæðanna, sorphreinsunar og sorphjónustu, bókabílsins og útgjöld vegna tækja og áhalda sem eru án skráningarnúmers í bókhaldskerfi.

##### 5. Er farið í útboð ef Reykjavíkurborg kaupir bíla?


Svar: Verðfyrirspurnar og/eða útboðsskylda myndast þegar innkaup fara yfir viðmiðunarfjárhæðir innkauparegna. Öll formleg innkaupafæri eru framkvæmd hjá innkaupadeild. Rammasamningur var gerður í mars 2018 um kaup, rekstrarleigu og bílaleigu. Ef um kaup og langtímaleigu er að ræða er farið í örútbóð innan samningsins þar sem gerðar eru ítarlegri kröfur að óskum hvers kaupanda.

##### 6. Hver var kostnaður Reykjavíkurborgar við flugmiðakaup 2018, 2017, 2016, 2015, 2014, 2013, 2012 og 2011 sundurliðað eftir kjörnum fulltrúum og starfsmönnum?

Svar: Kostnaður vegna flugfargjalda er bókaður á lykil 5720 Fargjöld starfsmanna, þar er einnig færður kostnaður vegna ferða til og frá flugvöllum, leigubílar, rútur, lestir og fleira. Taflan sýnir kostnað sem bókaður er á lykilinn skipt upp eftir árum.

2011	19.325.659 ISK
2012	31.099.997 ISK
2013	48.450.411 ISK
2014	36.931.269 ISK
2015	40.856.229 ISK
2016	40.806.136 ISK
2017	45.018.226 ISK
2018	34.735.021 ISK
<b>Samtals</b>	<b>297.222.948 ISK</b>

Á eftirfarandi mynd er að finna þróun eftir árum og sundurliðun eftir fagsviðum.



Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun eftir kjörnum fulltrúum og starfsmönnum

Starfsmenn Rvb.	244.622.470 ISK
Borgarfulltrúar	23.812.769 ISK
Embættismenn Rvb.	23.103.723 ISK
Aðrir	5.932.986 ISK
<b>Samtals</b>	<b>297.471.948 ISK</b>

7. Er farið í útboð þegar flugmiðar eru keyptir?

Svar: Í gildi eru afsláttarsamningur við Icelandair en afsláttarsamningur var einnig við Wow þar til í mars 2015, ekki var vilji hjá Wow til að framlengja samninginn. Flugfargjöld hafa ekki verið boðin út.

8. Falla vildarpunkturar við flugmiðakaup í hlut borgarinnar eða þeirra starfsmanna sem ferðast út fyrir landsteinana?

Svar: Vildarpunkturar hjá Icelandair eru tengdir við kennitölu þess sem ferðast óháð því hver greiðandi er.

*Haldóra Káradóttir*

Haldóra Káradóttir,

f.h. fjármálastjóra.

